

**Náttúrufræðistofnun Íslands**

**14 401**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Náttúrufræðistofnun Íslands**

**kt. 480269-5869**

**Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabær**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Náttúrufræðistofnun Íslands er ríkisaðili í A1-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Starfsfólk stofnunarinnar fæst við rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands. Stofnunin varðveitir eintök um náttúru Íslands í vísindasöfnum og gagnasöfnum, sinnir ráðgjöf um verndun og nýtingu náttúrunnar og gegnir víðtæku fræðsluhlutverki.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 17,2 og málaflokk 2 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 1.031,4 milljónir og afkoma kr. 45,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 84,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 309,8 milljónir.

Þó skal tekið fram að tilfærslur þarf að gera á milli rekstrarframlags og fjárfestingaliðs hjá ráðuneyti á árinu 2024. Sú tilfærsla mun hafa áhrif á höfuðstól/hreina eign stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði um 28 milljónir, sem eru vegna framlags Innviðasjóðs til tækjakaupa

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Eydís Líndal Finnbogadóttir  
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	808.100.000	753.700.000
Seld þjónusta .....	3	95.461.685	82.555.664
Vörusala .....		(15.280)	14.402
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	106.301.544	67.006.302
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	21.581.909	16.261.830
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.031.429.858</b>	<b>919.538.198</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	551.394.836	518.967.092
Annar rekstrarkostnaður .....	6	413.228.690	362.629.936
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	7	9.394	63.385
Afskriftir og niðurfærslur .....	8	21.581.909	16.261.830
<b>Gjöld samtals</b>		<b>986.214.829</b>	<b>897.997.243</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>45.215.029</b>	<b>21.540.955</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	22.315.029	(1.284.045)
Rekstrartilfærslur .....		22.900.000	22.825.000
		<b>45.215.029</b>	<b>21.540.955</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	9	308.460	20.714
Viðskiptakröfur .....		19.346.592	36.308.911
Tengdir aðilar .....	10	185.380.252	110.552.810
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	915.973	1.662.711
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	12	103.896.078	73.372.863
<b>Eignir samtals</b>		<u>309.847.355</u>	<u>221.918.009</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	18.459.642	4.894.351
Viðskiptaskuldir .....		42.754.294	29.173.462
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	80.499.990	68.399.887
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	83.519.139	80.051.048
<b>Skuldir samtals</b>		<u>225.233.065</u>	<u>182.518.748</u>
<b>Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals</b>		84.614.290	39.399.261
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	15	84.614.290	39.399.261
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>84.614.290</u>	<u>39.399.261</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>309.847.355</u>	<u>221.918.009</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		45.215.029	21.540.955
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	21.581.909	16.261.830
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(21.581.909)	(16.261.830)
		<u>45.215.029</u>	<u>21.540.955</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		17.709.057	29.256.731
Tengdir aðilar .....		(88.317.275)	(44.177.596)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		25.680.935	(8.732.716)
		<u>(44.927.283)</u>	<u>(21.727.614)</u>
		<u>287.746</u>	<u>(186.659)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	12	(52.105.124)	(31.397.187)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		350.000	930.000
		<u>(51.755.124)</u>	<u>(30.467.187)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		27.055.124	8.167.187
Fjárfestingarframlag .....		24.700.000	22.300.000
		<u>51.755.124</u>	<u>30.467.187</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		287.746	(186.659)
		20.714	207.373
		<u>308.460</u>	<u>20.714</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	759.500.000	22.900.000	24.700.000	807.100.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum .....</b>	<b>759.500.000</b>	<b>22.900.000</b>	<b>24.700.000</b>	<b>807.100.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....				
Launabætur .....	25.700.000	0		25.700.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>785.200.000</b>	<b>22.900.000</b>	<b>24.700.000</b>	<b>832.800.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	14.195.196	22.825.000	6.678.185	43.698.381
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	<b>22.825.000</b>	<b>(22.825.000)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>822.220.196</b>	<b>22.900.000</b>	<b>31.378.185</b>	<b>876.498.381</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(762.884.971)	0	(51.755.124)	(814.640.095)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>59.335.225</b>	<b>22.900.000</b>	<b>(20.376.939)</b>	<b>61.858.286</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrningu og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisýrningu. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.



## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2023 2022

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	808.100.000	753.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	21.581.909	16.261.830
	<u>829.681.909</u>	<u>769.961.830</u>

#### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	759.500.000	22.900.000	0	782.400.000
Launabætur .....	25.700.000	0	0	25.700.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>785.200.000</b>	<b>22.900.000</b>	<b>0</b>	<b>808.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(762.884.971)	0	0	(762.884.971)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>22.315.029</b>	<b>22.900.000</b>	<b>0</b>	<b>45.215.029</b>

### 3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta .....	94.983.862	81.233.543
Veitinga- og gistipjónusta .....	477.823	1.322.121
	<u>95.461.685</u>	<u>82.555.664</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.027.176	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	11.803.902	36.582.992
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	92.618.708	30.487.265
Ýmsar tekjur .....	851.758	(63.955)
	<u>106.301.544</u>	<u>67.006.302</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	447.560.211	425.487.229
Orlof, breyting .....	450.135	(4.540.527)
Launatengd gjöld .....	100.331.256	95.934.794
Starfsmannakostnaður .....	3.053.234	2.085.596
	<u>551.394.836</u>	<u>518.967.092</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	43,6	44,1
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2023	2022
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.488.024	1.138.757
Byggingarvörur, almennar .....	534.675	277.764
Tæki og búnaður til innréttinga .....	9.547	19.501
Ýmis tæki og áhöld .....	1.259.451	1.726.106
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	86.158	38.651
Orkugjafar .....	7.568.212	7.645.040
Matvæli .....	8.618.248	9.221.007
Almennar rekstrarvörur .....	2.085.123	1.293.674
Vörukaup, almenn	21.649.438	21.360.500
Rannsóknarstofuefni .....	491.519	793.649
Kennslu- og föndurvörur .....	0	34.815
Ýmsar sérgreindar vörur .....	275.914	378.569
Vörukaup, sérgreind	767.433	1.207.033
Fundir, námskeið, risna .....	1.310.861	4.529.440
Ferðir, uppihald .....	23.599.648	15.774.381
Akstur .....	2.947.340	1.556.608
Sérfræðiþjónusta .....	125.447.601	102.622.353
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	150.928	143.791
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	61.108	85.506
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.244.440	2.152.210
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	155.761.926	126.864.289
Samningsbundin kaup og leiga .....	5.499.245	6.123.655
Afnotagjöld .....	26.550.925	19.051.599
Leigugjöld .....	209.136.592	191.419.084
Notkun véla og flutningatækja .....	1.790.308	2.278.916
Verkkaup .....	13.094.347	11.456.604
Kostnaðarhlutdeild .....	283.830	2.452.438
Tryggingar, lögboðnar .....	776.587	577.328
Opinber gjöld .....	3.681.715	3.337.325
Tilfærslur .....	140.153	0
Tapaðar kröfur .....	5.703.895	2.286.154
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	266.657.597	238.983.103
Vörukaup .....	166.609	0
Vörur til endursölu og birgðabreyting	166.609	1.925.967
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	(31.774.313)	(27.710.956)
Annar rekstrarkostnaður samtals	413.228.690	362.629.936

## Skýringar

	2023	2022
<b>7 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</b>		
Fjármagnskostnaður .....	0	7.131
Dráttarvextir .....	9.394	56.254
	<u>9.394</u>	<u>63.385</u>
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	15.681.171	11.093.757
Farartæki og vélar .....	5.695.988	4.874.181
Aðrar eignir .....	204.750	150.191
Sölutap og úreltar eignir .....	0	143.701
	<u>21.581.909</u>	<u>16.261.830</u>
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>9 Handbært fé</b>		
Tékkareikningar .....	4.958	0
Sparisjóðsreikningar .....	303.502	20.714
	<u>308.460</u>	<u>20.714</u>
Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.		
<b>10 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	119.109.786	55.149.881
Aðrir ríkisaðilar .....	66.270.466	55.402.929
	<u>185.380.252</u>	<u>110.552.810</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	18.459.642	4.894.351
	<u>18.459.642</u>	<u>4.894.351</u>
<b>11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	915.973	1.662.711
	<u>915.973</u>	<u>1.662.711</u>

## Skýringar

31.12.2023

31.12.2022

### 12 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	77.108.379	49.882.176
Farartæki og vélar .....	25.055.140	21.553.378
Aðrar eignir .....	1.732.559	1.937.309
	<u>103.896.078</u>	<u>73.372.863</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	96.709.304	42.421.823	2.087.500	141.218.627
Viðbætur á árinu .....	42.907.374	9.197.750	0	52.105.124
	<u>139.616.678</u>	<u>51.619.573</u>	<u>2.087.500</u>	<u>193.323.751</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	46.827.128	20.868.445	150.191	67.845.764
Afskrift ársins .....	15.681.171	5.695.988	204.750	21.581.909
	<u>62.508.299</u>	<u>26.564.433</u>	<u>354.941</u>	<u>89.427.673</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>77.108.379</u>	<u>25.055.140</u>	<u>1.732.559</u>	<u>103.896.078</u>

### 13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	60.363.870	59.913.735
Önnur ógreidd gjöld .....	5.861.810	1.124.766
Skattar .....	14.274.310	7.361.386
	<u>80.499.990</u>	<u>68.399.887</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga .....	103.896.078	73.372.863
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(20.376.939)	6.678.185
	<u>83.519.139</u>	<u>80.051.048</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	73.372.863	6.678.185	80.051.048
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	24.700.000	24.700.000
Áhrif seldra eigna .....	0	350.000	350.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	52.105.124	(52.105.124)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(21.581.909)	0	(21.581.909)
	<u>103.896.078</u>	<u>(20.376.939)</u>	<u>83.519.139</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 21,1 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

## Skýringar

### 15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	39.399.261	29.062.306
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	(11.204.000)
Afkoma ársins .....	45.215.029	21.540.955
Jöfnuður 31.12. ....	<u>84.614.290</u>	<u>39.399.261</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 16 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2035, árlegar greiðslu nema 212,7 millj. kr. Einnig hefur stofnunin gert ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslu vegna þjónustusamninga eru 31,1 millj. kr.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### *Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.